

Í pistlunum Úr penna stjórnarmanna Lí birta þeir eigin skoðanir en ekki félagsins.

Er hægt að sérmennta fleiri lækna á Íslandi?

Norrænt samstarf við sérmenntun lækna á undir högg að sækja. Hvorki Noregur né Svíþjóð viðurkenna lengur hið íslenska kandidateitarsár.¹ Jafnframt viðurkennir Noregur ekki sænska kandidateitarsárið og öfugt. Þetta þýðir að íslenskir lækna, sem ekki hafa lokið sænska kandidateitarsárinu (BT), fá í auknum mæli þvert nei þegar þeir sækja um sænskar sérnámsstöður. Því hafa almennir lækna velt fyrir sér: Er hægt að sérmennta fleiri lækna á Íslandi?

Margir spítalalækna efuðust um fýsileika þess að sérmennta hér sérfræðinga í almennum lyflækningum. Nú í dag eru flestir sammála um að vel hafi tekist til. Útskrifast hefur tæpur tugur almennra lyflækna sem allir eiga það sameiginlegt að kunna vel til verka og búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu. Í kjölfarið hafa fleiri sérnámsþrógrömm farið af stað, svo sem fullt sérnáms í háls-, nef- og eyrnalækningum og í bæklunarlækningum. Þó eru skiptar skoðanir um áframhaldandi þróun sérnáms á Íslandi. Er upptökusvæðið nógu stórt? Mun aukid sérnáms hér leiða til hnignandi tengsla við nágrannasjúkrahús? Mun rannsóknarstarf líða fyrir það að lækna sérmennti sig í auknum mæli á Íslandi?

Hvað varðar upptökusvæðið er þetta í raun mjög áhugaverð spurning. Hversu stórt þarf upptökusvæði spítala að vera svo hægt sé að sérmennta lækni? Viða

á Norðurlöndum er stundað sérnáms á sjúkrahúsum sem hafa jafnstórt eða minna upptökusvæði en Landspítali. Þó má færa rök fyrir því að tækifæri til lækninga á Landspítala séu jafnvel meiri þar sem öll flóknustu tilfelli landsins enda þar, en eru ekki send beint til sérhæfðari sjúkrahúsa. Minni sjúkrahúsin á Norðurlöndum gera þó kröfu um að hluti sérnámsins fari fram á stærra háskólasjúkrahúsi. Á sama hátt gætu íslenskir lækna skipulagt sérnáms hérlandis þar sem hluti yrði tekinn á stærra háskólasjúkrahúsi erlendis, þá markvisst til þess að uppfylla þá þjálfun sem upptökusvæðið hér býður ekki upp á.

Hingað til hafa íslenskir lækna ýmist haldið austur eða vestur um haf til sérnáms. Það hefur stuðlað að fjölbreyttri þjálfun lækna og tengslum við mörg háskólasjúkrahús og kollega erlendis. Tengsl sem hafa reynst mikilvæg fyrir

Margir spítalalækna efuðust um fýsileika þess að sérmennta hér sérfræðinga í almennum lyflækningum. Nú í dag eru flestir sammála um að vel hafi tekist til



Teitur Ari Theodórssón

formaður Félags almennra lækna

lítið heilbrigðiskerfi eins og á Íslandi. Með aukinni samvinnu við téð sjúkrahús um sérmenntun íslenskra lækna væri hægt að styrkja samböndin enn frekar og greiða í leiðinni götu íslenskra lækna til náms á öflugum sjúkrahúsum austan- eða vestanhafs.

Vísbendingar eru um að rannsóknarstarf á Landspítala hafi dregist saman á undanförunum árum. Það eru mikil tækifæri til að snúa þessari þróun við með uppbyggingu sérnáms hér á landi. Með auknum fjölda sérnámslækna og samstarfi við erlend sjúkrahús væri hægt að byggja upp sterka rannsóknarhefð lækna í sérnámi og tryggja þannig fleiri birtingar bundnar við Landspítala.

Sé þetta tekið saman, standa almennir lækna frammi fyrir auknum áskorunum við að sækja sér sérmenntun erlendis. Með formlegu samstarfi við öflug sjúkrahús erlendis um sérmenntun íslenskra lækna væri hægt að tryggja viðtækari menntun, betri mönnun og efla rannsóknir. Ef hins vegar ekkert verður að gert, er hætta á að áður sterk tengsl við erlend sjúkrahús versni og þjálfun íslenskra lækna sömuleiðis.

1. Sérnámsgrunnur og kandidateitarsár er hér notað yfir fyrsta árið eftir útskrift á öllum Norðurlöndunum.



Stjórn Læknafélags Íslands Steinunn Þórðardóttir formaður **Félag almennra lækna** Teitur Ari Theodórssón, Thelma Kristinsdóttir

Félag íslenskra heimilislækna Margrét Ólafía Tómasdóttir, Oddur Steinarsson **Félag sjúkrahúslækna** Theódór Skúli Sigurðsson, Magdalena Ásgeirsdóttir

Læknafélag Reykjavíkur Ragnar Freyr Ingvarsson, Katrín Ragna Kemp